

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA

---

## 1. grein

Íslandsmót unglingsaliða skal haldið árlega og skal haldið á tímabilinu október til apríl. Unglingar sem eru í 5. til 10. bekk grunnskóla hafa þátttökurétt. Unglinganefnd er heimilt að veita undanþágu fyrir einn keppanda úr 4. bekk í hverri umferð.

## 2. grein

Rétt til þátttöku í Íslandsmóti unglingsaliða hafa öll félög innan KLÍ og skulu þau skila inn tilkynningu um þátttöku í mótinu fyrir lið sín eigi síðar en 30. september. Unglingsalið skulu skipuð a.m.k. 3 unglingsum og er heimilt að hafa blönduð lið pilta og stúlkna. Þrjú leika hverju sinni. Um liðaskipti milli unglingsaliða, innan félags eða milli félaga, gilda almennar liðaskiptareglur KLÍ. Þjálfari eða liðsstjóri skal fylgja unglingsaliðum til keppni. Liði er ekki heimilt að hefja leik ef þjálfari eða liðsstjóri er ekki á staðnum.

## 3. grein

Leikið skal í einni deild. Lágmark 4 lið í deildinni. Leikið skal eftir eftirfarandi fyrirkomulagi:

- i) 4–6 lið fimmföld umferð
- ii) 7–12 lið skipt í tvo riðla og leikinn fjórföld umferð. Tvær umferðir innan riðils við öll liðin og tvær umferðir við öll liðin í hinum riðlinum

Öll liðin keppa við hin liðin í hverri umferð, einn leik. Tvö stig fyrir unnin leik og eitt stig fyrir jafntefli. Séu lið jöfn að stigum skal heildarpinnafall ráða. Séu liðin jöfn að pinnum skal hlutkesti ráða. Þjálfarar liðanna skulu, undir stjórn mótsstjóra, varpa hlutkestinu.

## 4. grein

### Úrslitakeppni án riðla

Fjögur efstu liðin eftir síðustu umferðina fara í úrslitakeppni.

Úrslitakeppnin skal öll fara fram á sama stað.

Lið númer 1 keppir við lið númer 4.

Lið númer 2 keppir við lið númer 3.

Þau lið, sem fyrr vinna 2 leiki, leika til úrslita.

Þau lið sem töpuðu leika ekki um þriðja sætið, heldur hljóta bæði liðin 3. sæti.

### Úrslitakeppni riðlaskipt

Tvö efstu liðin úr hvorum riðli eftir síðustu umferðina fara í úrslitakeppni. Úrslitakeppnin skal öll fara fram á sama stað.

Lið 1 úr riðli A leikur við lið 2 úr riðli B.

Lið 1 úr riðli B leikur við lið 2 úr riðli A.

Þau lið sem fyrr vinna 2 leiki, leika til úrslita. Þau lið sem töpuðu sínum viðureignum leika ekki um þriðja sætið heldur hljóta bæði 3. Sæti.

### Úrslit:

Það lið, sem fyrr vinnur tvo leiki, sigrar og hlýtur nafnbótina „Íslandsmeistari unglingsaliða.“

## 5. grein

### *Frestun viðureignar*

Engar frestanir einstakra leikja eru veittar í Íslandsmóti unglingsaliða.

Unglinganefnd er þó heimilt að fresta umferð vegna veigamikilla ástæðna.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguerfiðleikar vegna veðurs.
2. Leikmenn liða eru fjarverandi í keppni á vegum KLÍ.

Unglinganefnd tilkynnir félögum viðkomandi liða, sem og öðrum sem málið kann að varða, um frestun og nýjan leiktíma eins fljótt og auðið er.

## **6. grein**

### *Fjarveruskor*

Ekkert fjarveruskor er í Íslandsmóti unglíngaliða, þó með þeirri undantekningu að ef leikmaður hefur leik og þarf frá að hverfa vegna meiðsla þá fær leikmaður 10% af fjarveruskori, fyrir hvern ramma. Fjarveruskor er 110 stig fyrir hvern leik.

*Breytt á formannafundi 28. apríl 2011*

*Breytt á formannafundi 16. apríl 2015*

*Breytt á formannafundi 28. Apríl 2016*

*Breytt á formannafundi 17.5.17*